

Fimmtudaginn 10. október 1996.

Nr. 271/1996.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Kristjóni Kristjónssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Umferðarlög. Bifreiðar. Ölvunarakstur. Ökuréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Þorgeir Örlygsson prófessor.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákærvalds með stefnu 15. júlí 1996. Í yfirlýsingu ákærða um áfrýjun segir, að hún taki eingöngu til endurskoðunar á viðurlögum. Krefst hann þess, að refsing samkvæmt hinum áfrýjaða dómi verði milduð.

Ákærvaldið krefst staðfestingar á refsíákvörðun.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Kristjón Kristjónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 13. júní 1996.

Ár 1996, fimmtudaginn 13. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 508/1996: Ákærvaldið gegn Kristjóni Kristjónssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 3. júní sl., á hendur ákærða, Kristjóni Kristjónssyni, Sundlaugavegi 16 í Reykjavík, kt. 260161-2539.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa ekið bifreiðinni P-336 að kvöldi föstudagsins 23. febrúar 1996 undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti frá Vatnagörðum í Reykjavík að Sundanesti á mótum Sæbrautar og Dalbrautar.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993“.

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, er fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hafi framið brot það, sem honum er gefið að sök og er rétt fært til refsíákvæða í ákæru, en magn alkóhóls í blóði ákærða mældist greint sinn 1,88‰.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hlaut hann árin 1980 til 1993 fimm dóma og gekkst með sátt þrívegis undir að greiða sektir, í öll skiptin fyrir ölvun við akstur og/eða fyrir að aka sviptur ökuleyfi. Tveir dómanna voru sektardómar, annar árið 1982, en hinn árið 1984. Í febrúar 1989 var ákærði dæmdur í 45 daga varðhald fyrir að aka ölvaður og sviptur ökurétti, og í ágúst sama ár var hann dæmdur í 60 daga varðhald fyrir að aka sviptur ökurétti. Síðast var ákærði dæmdur í september 1993 í 45 daga varðhald fyrir að aka ölvaður og sviptur ökurétti. Síðast var ákærði sviptur ökuleyfi ævilangt með dóminum í febrúar 1989.

Með hliðsjón af sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi fimm mánuði.

Þá hefur ákærði unnið sér til þess að vera sviptur ökurétti, svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, en ákærði er þegar sviptur ökuleyfi ævilangt, eins og áður greinir. Þykir bera að árétta, að ákærði skuli vera sviptur ökurétti ævilangt.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristjón Kristjónsson, sæti fangelsi fimm mánuði.

Ákærði skal vera sviptur ökurétti ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 15.000 krónur í þóknun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttar-lögmanns.